

**Ed.**

## **284. Tillaga**

til þingsályktunar um vegamál.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina:

1. Að láta vegamálastjóra setja varnargrindur úr varanlegu efni á sérstaklega hættulegum stöðum við brýr eða á fjölförnum þjóðvegum, þar sem annars kynni að vera hætt við bifreiðaslysum, svo sem austur við brú á Brúará í Árnessýslu, Gljúfurá í Borgarfirði og mörgum fleiri stöðum, þar sem lík er aðstaða.
2. Að gefa öllum sýslunefndum á landinu nú í vetur rétt á að skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu til að vera til aðstoðar og ráðuneytis vegamálastjóra og verkfræðingum hans, er þeir ákveða vega- og brúastæði í hlutaðeigandi sýslu, og skeri atvinnumálaráðherra jafnan úr, ef ágreiningur verður milli slíkra nefnda og starfsmanna vegamálaskrifstofunnar.
3. Að gangast fyrir því, að í hverri sýslu verði nú fyrir vorið skipuð þriggja manna nefnd til að ráða verkamenn fyrir næsta vor og næsta sumar í vega-, brúa- og simavinnu í því héraði. Sýslunefnd skal velja einn nefndarmanninn, kaupfélagsstjórar í sýslunni annan, og verkamannafélög í Alþýðusambandinu hinn þriðja. Ef ekki er verkamannafélag í einhverri sýslu, skipar stjórn Alþýðusambandsins mann í eitt sætið. Ráðningarnefndir þessar skulu, eftir því sem við verður komið, láta innanhéraðsmenn sitja fyrir allt að  $\frac{3}{4}$  af vinnunni, og einkum þá einstaklinga og heimili, sem mest þarfnast vinnunnar.

### **Greinargerð.**

Með sanni má segja, að þessi tillaga sé flutt að gefnu tilefni. Á fjölmörgum stöðum hér á landi er yfirvofandi hætta á, að bílar renni á sveilhálku út í hyldjúpar ár, eða niður fyrir háa hamra, af því að ekki er sómasamlega séð fyrir grindum úr varanlegu efni á hættustöðunum.

Í öðru lagi er það alkunna, að verkfræðingar landsins, sem lítið þekkja til í sveitum, nema af ferðum um hásumarið, eru oft næsta óheppnir með ákvarðanir um legu vega og brúa. Gott dæmi um það er deilan um Ásakvislar í Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem vegamálastjóri vildi brúa vatnið í fimm kvíslum, sem betur mátti brúa í einu lagi tveim km. ofar, og var sú brú ekki öllu lengri en hver hinna. Verður ekki úr þessu hætt nema kunnugir menn ráði í þessum efnum með verkfræðingunum.

Í þriðja lagi er allviða að skapast óþolandi ástand út af ráðningu í vegavinnu. Má telja það fullvist, að einn hinn helzti héraðshöfðingi á landinu hafi fallið við alþingiskosningu í vor af því, að andstæðingar hans fjölluðu óþarflega mikið einir um að ráða í opinbera vinnu þar í sýslunni. Þykir sanngjarnt, að slíkar ráðningar séu með öllu hlutlausar, og fer þá bezt á, að blönduð nefnd ráði innanhéraðsmenn í meginvinnuna. Er engu að síður ætlað rúm fyrir vegamálastjóra að bæta við sérstökum kunnáttumönnum.